

MARGIT SANDEMO

SAGAN
— UM —

Ísfólkið

Illur arfur 6





MARGIT SANDEMO

SAGAN
— UM —

Ísfólkið

Illur arfur 6

Illur arfur

Sagan um Ísfólkið 6
Illur arfur

© Margit Sandemo, 1982
Bókin heitir „Den onda arven“ á frummálinu.

© Katrin Agency, 2013
Íslensk útgáfa: JENTAS ehf., 2013

Þýðing: Snjólaug Bragadóttir
© kápa: Katrin Agency, 2012
Hönnun kápu: Jentas

ISBN 978-9979-64-025-7 (epub)

Samningar er varða verk höfundar, þýðingu, kápu og útlit texta og notendarétt á þeim eru í eigu © Katrin Agency.

www.jentas.is
www.isfolkid.is
www.galdrameistarinn.is

JENTAS gefur bókina út á íslensku og dönsku.

Öll réttindi áskilin.

Bók þessa, eða hluta af henni, má ekki afrita með neinum hætti, hvorki með ljósmyndun, prentun, hljóðritun né á annan hátt, án skriflegs leyfis útgefanda.

Sagan um Ísfólkið

FYRIR ÓRALÖNGU, mörgum öldum, fór Þengill illi út í óbyggðir til að selja Satani sál sína.

Hann varð ættfaðir Ísfólksins.

Þengli var lofað gulli og grænum skógum gegn því að ein manneskja að minnsta kosti í hverjum lið ættarinnar skyldi vera í þjónustu Satans og vinna illvirki. Viðkomandi skyldi þekkjast á gulum kattaraugum og vera göldróttari en nokkur dæmi voru til um.

Bölvunin skyldi hvíla á ættinni þar til staðurinn fyndist þar sem Þengill illi hafði grafið niður pottinn sem hann notaði til að sjóða seyðið sem manaði myrkrahöfðingjann fram.

Svo segir þjóðsagan.


Hvort hún er sönn veit enginn.

Árið 1548 fæddist maður í ætt Ísfólksins, undir þessum álögum. Hann reyndi að snúa hinu illa til góðs með líferni sínu og var því kallaður Þengill góði. Þessi saga er um fjölskyldu hans og afkomendur.

Kannski má þó segja að hún fjalli mest um konurnar í ættinni.



Afkomendur Þengils hins illa, um árið 1200



FYRRI HLUTI: Kolgrímur

SÁ SEM HLUSTAR á þyt vindsins heyrir margt. En aldrei kveinaði vindurinn jafn sárt og árið sem sorgin hélt innreið sína á Grásteinshólma. Einnig í Lindigarði heyrði Ari eintóna kvein í linditrjánunum þegar stormurinn þaut í krónum þeirra.

Það var eitt vanhugsað orð Taraldar sem leysti hið illa í Kolgrími úr læðingi í öllu sínu veldi.

Drengurinn hafði ætlað sér að nota einfaldleika allra og vera á Grásteinshólma þar til hann yrði nánast fullorðinn. Þar leið honum bara bærilega.

En svo fór af stað skriða djúpt innra með honum.

Það var árið 1633, þegar hann var tólf ára. Hann var myndarlegur á sinn hátt en gulgrænu augun sem horfðu svo beint og barnslega á aðra, breyttust um leið og viðkomandi sneri baki við honum. Þá fylgdu augun eftir, köld og lymskuleg, athugul og full fyrirlitningar.

Aumingjarnir ykkar, sögðu þau. Ég er miklu sterkari en þið öll til samans. Ég er góður meðan það hentar mér... en bíðið bara þar til ég verð nógu stór til að standa á eigin fótum!

Eins og öll álagabörn Ísfólksins var Kolgrímur mjög einmana. En honum fannst það ekki neikvætt. Þvert á móti vildi hann vera einn og honum fannst það veita sér tvöfaldan styrk.

Fyrir utan friðsemdina í Noregi hafði margt gerst.

Trúarbragðastríðið geisaði enn. Árið 1631 hafði Gústaf II Adolf Svíakonungur unnið frækilegan sigur á Tilly við Breitenfeld. Árið eftir féll Gústaf hins vegar við Lützen en her hans vann samt stórsigur á sveitum Wallensteins og Pappenheims. Pappenheim féll við Lützen og Tilly um svipað leyti til Lech en Wallenstein var myrtur af eigin mönnum tveimur árum síðar.

En stríðið hélt endalaust áfram með nýjum yfirmönnum í herjum mótmælenda. Lennart Torstensson, Johan Banér og Hans Christofer von Königsmarck skráðu sig á spjöld sögunnar fyrir afrek sín í þessu langa stríði.

Kristján IV hafði loks losað sig við Kirsten Munk þegar augljóst þótti að yngsta barn þeirra, Dórótea, var ekki dóttir hans. Frú Kirsten hafði einnig reynt að lauma ólyfjan í mat konungs og látið teikna skopmyndir af honum sem kokkál. Þá ofbauð Kristjáni. Hann sagði henni að *fara fjandans til* og bannaði henni að hitta börnin, sem hún tók ekkert mark á. Hvað Ellen Marsvin sagði við óaðgætna dóttur sína, eftir að hin dýrmætu tengsl við konung slitnuðu, veit enginn en út á við lét hún sem ekkert væri.

Ekki var mæðgunum þó skemmt þegar konungur tók sér nýja ástkonu, þeirra eigin hirðmey, Víbeku Kruse, sem var sérlega óhefluð kona, en fæddi honum þó myndarson, Ulrik Kristján Gyldenlöve, sem síðar varð betri herstjórnandi en faðir hans nokkurn tíma.

Leónóra Kristín hafði níu ára verið heitin ungum, metnaðargjörnum aðalsmanni, Corfitz Ulfeldt. Þá gerðist það að hirðfrúin, sem enn ráðskaðist með börnin, refsaði henni svo rækilega að hún gat ekki setið vikum saman og beið varanlegan skaða af. Telpa fór til unnustans og kvartaði. Þar með var endi bundinn á harðstjórn hirðfrúarinnar í barnaherbergjunum. Henni var fleygt á dyr og endanlega úr þjónustu konungsfjölskyldunnar.

Elsta dóttir konungs og Kirstenar Munk, hin sívansæla Anna Katrín, varð ekki langlíf. Hún sem hafði verið svo stolt af unnusta sínum, Frans Rantzau. Árið 1632 kom ungi spjátrungurinn í heimsókn til tilvonandi tengdaföður til að fagna útnefningu sem hirðstjóri ríkisins. Það þurfti mikið til að halda í við konung með vínbikarinn og Ratzau hinn ungi varð

svo ofurölvi að hann steyptist í hallarsíkið og drukknaði.

Anna Katrín fárveiktist. Sumir sögðu það af sorg, aðrir kenndu bólusóttinni um. Hún bað um að markgreifafrú Paladin yrði sótt til að hjúkra henni og Cesilja lét Alexander eftir að annast fimm ára tvíburana heima í Gabríelshúsi og hlýddi kallinu.

En jafnframt hrönnuðust óveðursskýin upp yfir Grásteinshólma.

Það var við hádegisverðarborðið sumardag einn 1633, að Taraldur, sem aldrei hafði verið sérlega skarpur í hugsun, sagði í miðju spjalli um daginn og veginn:

-Ég fékk bréf frá Þorra í dag.

-Þú? spurði Líf son sinn. -Það er óvenjulegt. Fór hann ekki til Erfurt og fékk stöðu hjá lærðum manni sem aðstoðarmaður. Hvað vildi hann þér?

-Hann er á kafi í erfiðri farsótt og óttast smit.

-Já. Bólusóttin er víst stórhættuleg, sagði Yrja.

-Þorri er of góður til að falla úr bólusótt, sagði Dagur. -En af hverju skrifar hann þér um það?

-Hann bað mig að varðveita hinn leynda galdrafjár sjóð Ísfólksins... ef eitthvað kæmi fyrir hann. Þá myndi hann skrifa á síðustu stundu og segja hvar hann væri geymdur. Hann vill endilega að Mattías fái hann þegar tímar líða fram.

Líf lét sem hún fengi ákaft hóstakast og þá áttaði sonur hennar sig á því hvað hann hafði sagt. Leiftrandi gult augnaráð Kolgríms skaust til og frá.

-En hann er auðvitað með þetta allt hjá sér í Þýskalandi, flýtti Taraldur sér að bæta við til að bjarga málunum.

-Hvað er það? spurði hinn átta ára Mattías með mildu augun.

-Ég segi þér það þegar þú stækkar, svaraði Taraldur stuttaralega.

Mattías gerði sig ánægðan með það. Pabbi hafði alltaf rétt fyrir sér. Drengurinn var ekki forvitinn.

En þessi orð höfðu kveikt bál innra með Kolgrími.

Þau leyndu hann einhverju! Þetta var leyndardómur Ísfólksins og *Mattías* átti að fá galdradótið!

Var Kolgrímur kannski ekki eldri bróðirinn?

Reiðin læsti sig æ dýpra í hann þegar leið á daginn. Eitthvað til hér sem hann þyrfti að komast að.

Hjá Þorra?

Nei, amma hafði varað Tarald við, hann skynjaði það. Þá var Þorri ekki með dótið. Þess vegna hlaut það að vera *hér heima*.

Einhvers staðar í Lindigarði...

Nú var allt sem Þorri hafði lagt á sig til að leyna tilvist galdradótsins farið út um þúfur. Fyrir löngu hafði Þengill, við vögggu hins nýfædda Kolgríms sagt: *Látið þetta barn aldrei ná í hið minnsta af galdradótinu! Kennið honum ekkert heldur!*

Nú hafði Þorri, á neyðarstundu, snúið sér til frænda síns, þess óheppilegasta sem hann hefði getað valið. Þrátt fyrir það að Taraldur væri nú ábyrgur fjölskyldufaðir, var hann mesti hænuhaus í rökhugsun.

Kolgrímur hafði heyrt það sem hann hefði aldrei átt að heyra.

Andstætt pabba sínum var hann óvenjuskarpur í hugsun... á sinn neikvæða hátt.

Hann varð að fá að vita meira um þetta.

Hvern gæti hann spurt?

Ekki afa eða ömmu, það var of erfitt að blekkja þau. Pabbi var svo veikgeðja að hann þyrði ekki að óhlýðnast foreldrum sínum og hann var handviss um að Yrja vissi ekkert.

Ósjálfrátt vissi Kolgrímur hvert hann ætti að leita. Til eins af þeim hóflega skörpu í fjölskyldunni...

Daginn eftir rölti hann kæruleysislega inn á hlaðið við Lindigarð.

-Sæll, sagði Ari vingjarnlega. -Ertu í gönguferð?

-Ég þarf að biðja Brand að gera við svolítið fyrir mig. Hann er

svo sterkur.

-Er ég það ekki líka?

-Ekki eins og Brandur.

Ari hló. -Þarna sérðu, Meta. Nú er ég afskrifaður.

Meta hristi höfuðið. Hún var orðin mögur og beinaber. Hún eltist illa. Hún var alltaf með magaverki og hafði aldrei náð sér eftir missi Þrándar. Hann hafði verið eftirlætissonur hennar.

Hún leit á eftir Kolgrími. -Ég verð að segja það, Ari, að það fer alltaf hrollur um mig við að sjá þennan dreng.

-Bull og vitleysa! Það hefur ræst mjög vel úr honum.

-Skyldi það vera? sagði Meta lágt.

Kolgrímur fann Brand á baunaakrinum. Eftir stutt spjall um daginn og veginn spurði hann allt í einu: -Hefur þú nokkurn tíma séð leynifjársjóð Ísfólksins?

Brandur lét fallast niður á þúfu við stíginn. Hann var nú 24 ára og vaxinn eins og bjarndýr. Þau Matilda höfðu ekki eignast nema soninn Andrés, en máttu vera stolt af honum, nauðalíkum pabba sínum og afa.

-Nei, ég hef aldrei séð fjársjóðinn. Ég held að Þorri bróðir sé með hann.

Kolgrímur sat eins og klesstur niður hjá frænda sínum.

-Hvað er eiginlega í þessum fjársjóði?

-Hefurðu aldrei heyrt söguna?

-Bara brot og brot. Allir virðast hafa heyrt hana nema ég.

Allir höfðu gætt þess að segja Kolgrími sem minnst af sögu Ísfólksins.

Brandur dró andann djúpt gegnum nefið.

-Okkur Þrándi fannst alltaf að þú værir beittur órétti, Kolgrímur. Þú, helst af öllum, ættir að þekkja sögu Ísfólksins.

-Það finnst mér líka, sagði Kolgrímur og neðri vör hans skalf. Honum tókst vel að sýnast gráti næst. -Ég hef heyrt um Þengil illa, Þengil afa þinn og Sunnu, ömmu mína sem kunni galdra,

en meira veit ég ekki.

Þá hóf Brandur að segja frá álagafólkinu í ættinni og Kolgrímur hlustaði af mikilli athygli. Hann gat ekki séð hann væri í álögum... honum fannst hann *útvalinn*!

-Leitaði Þengill illi að Satani í alvöru? Hvar?

-Það veit enginn.

-Hvernig fór hann að því?

-Hann setti allar töfrajurtir og galdradót sem hann þekkti í stóran pott og sauð af því svo skelfilegt seyði að enginn getur ímyndað sér það. Þengill illi var fjölkunnugur, því máttu trúa.

-Drakk hann af seyðinu?

-Það veit enginn. Kannski, kannski ekki. Að minnsta kosti las hann særingar yfir því til að mana fram þann með klaufirnar, þú veist. Sagt er að það hafi tekist. Þengill afi trúði því ekki. Hann hélt að þetta væri bara sérkenni í ættinni, að sumir fái kattaraugu og hæfileika sem venjulegt fólk hafi ekki. Ég gæti þó trúað því.

-Hverju?

-Að sögnin sé sönn. Ég held að Satan sjálfur sé inni í myndinni.

-Skrambinn!

-Þú veist að þú mátt ekki nota það orð. Einn afkomenda Þengils átti líka að verða mesti galdramaður sem heimurinn hefði séð, sagði Brandur að endingu.

Það er ég, það er ég, hugsaði Kolgrímur æstur. Hann vissi mætavel að hann var einn hinna útvöldu eins og hann orðaði það. Hann hafði vitað það lengi, þurfti ekki annað en líta í spegil.

Jú, hann var viss um að Þengill illi hafði drukkið af nornaseyðinu. Hann ætlaði líka að gera það... einhvern tíma. Bara að hann vissi hvar og hvernig...

-Er Þorri með fjársjóðinn, hvar sem hann nú er?

-Í Erfurt? Ekki hélt Þrándur. Vissirðu að Þrándur var einn

þeirra?

Nei, það hafði Kolgrímur aldrei heyrt. Bara að hann hefði vitað það meðan Þrándur var á lífi. Þá hefðu þeir í sameiningu orðið sterkir, ósigrandi.

Brandur sem snöggvast hafði gleymt sér í sorg yfir bróður sínum, rankaði við sér aftur. -Í þessum fjársjóði er meðal annars alrún.

Kolgrímur kannaðist við þá galdrajur. Hann vissi meira en nokkurn grunaði. Einmitt svona hlutir vöktu áhuga hans og þess vegna lagði hann þá á minnið.

Brandur var of grandalaus til að skilja hvaða fræi hann hafði sáð í hina litlu, svörtu sál Kolgríms.

ÞAD FYRSTA SEM drengurinn gerði var að þykjast vera veikur á sunnudegi svo hann var skilinn eftir heima meðan aðrir fóru til kirkju.

Hann var snöggur að stökkva niður í Lindigarð þar sem hann leitaði í öllu húsinu og víðar, án þess að finna nokkuð. Hann var að því allan messutímann og faldi sig þegar hann heyrði þjónustufólk nálgast. Hann hafði mestan áhuga á eldri hluta hússins en hvergi fann hann neinn fjársjóð. Reiður og vonsvikinn lagðist hann aftur í rúmið.

Erfurt var svo langt í burtu að hann vissi ekki einu sinni hvar. Hann gæti ekki farið þangað til að gera upp sakirnar við hinn svikula Þorra.

Hann gat þó gert annað... sem hann hafði íhugað í mörg ár.

Hann gæti losað sig við keppinaut sinn á mörgum sviðum... líka um galdrafjársjóðinn.

Þá fengu þau að sjá hvern þau hefðu beitt rangindum!

Kolgrímur undirbjó allt af nákvæmni. Kannski rámaði hann enn í frásagnir Cesilju af stóra tröllinu sem ekki líkaði að minni tröll væru vond við litlu systkini sín. Að minnsta kosti vildi

hann ekki fremja blákalt morð.

En það voru til aðrar leiðir.

Hann nauðaði um að fá að fara með afa sínum til Kristjáníu dag einn í júlí. hann tók með sér sparibaukinn sem hann hafði geymt árum saman. Vænt frændfólk hafði iðulega gaukað smáaurum að honum og nú kom það sér vel.

Hann keypti fallega nælu hjá silfursmið en sýndi engum hana.

Næstu daga undirbjó hann sig frekar. Einn daginn var hann úti á hestbaki í marga tíma án skýringa. Hann hlustaði á vindinn væla í trjákrónunum og brosti biturlega.

Svo var hann tilbúinn.

Kvöld eitt þegar hálfbræðurnir lágu í rúmunum sínum í sameiginlega herberginu, hvíslaði Kolgrímur að Mattías:

-Hefurðu séð fiskana dansa?

-Nei, svaraði hinn saklausi Mattías. -Geta fiskar dansað?

-Hvort þeir geta! Viltu sjá það?

Það vildi Mattías gjarnan.

Kolgrímur hvíslaði mjög leyndardómsfullur í bragði: -En það er á álagastað og bara á vissum tímum. Við verðum að laumast þangað án þess að nokkur viti.

Mattías varð efins. -Ekki mamma heldur?

-Alls ekki hún. Þá verður allt ónýtt.

Sá litli kinkaði kolli.

-Þá skal ég fara með þig á staðinn þar sem þeir dansa. Hinn daginn. Ég fer snemma á hestinum og gái hvort dagurinn sé réttur og þú hittir mig við stóru eikina í skógarjaðrinum klukkan níu. Þekkirðu á klukku?

-Ég get spurt pabba.

-Nei, kjáni, það máttu ekki. Þegar stúlkan tekur af borðinu eftir morgunmatinn laumastu út. Mundu að enginn má sjá þig. Við verðum fljótir svo enginn þarf að vita neitt.

-Ég skal gera eins og þú segir, sagði Mattías með hreina

hjartað.

Daginn eftir sagði Kolgrímur kæruleysislega við pabba sinn:

-Má ég ríða til Kristjáníu á morgun, pabbi? Um daginn þegar við förum sá ég fallega nælu hjá silfursmið. Mig langar svo til að gefa Líf ömmu hana svo hún verði fín í kirkjunni um Jónsmessuna.

Sjálfur hugsaði Kolgrímur ekkert um kirkjuferðir. Stöku sinnum neyddist hann til að fara en oftast fann hann einhverja tylliástæðu til að vera heima.

Hrærður yfir umhyggjusemi sonarins sagði Taraldur: -En þú hefur varla ráð á því, Kolgrímur.

-Ég hef sparað, svaraði sonurinn og brosti íbygginn.

-Hamingjan sanna, það er ekki sem verst. En þú mátt ekki ríða þetta einn. Kannski ég geti tekið mér frí...

-Pabbi, ég er tólf ára! Þú veist að ég er góður knapi og ég kann að passa mig á þjófum og svikurum.

Taraldur var sammála því og með svolítilli tregðu lét hann undan.

Morguninn eftir veifaði Kolgrímur áhyggjufullri fjölskyldunni og reið af stað til Kristjáníu.

Um leið og hann var kominn úr sjónmáli við Grásteinshólma sveigði hann af veginum og fór afskekktu slóða í hálfhring um sóknina.

Nokkru síðar sat hann við stóru eikina og sá lítinn snáða hraða sér yfir engin til að komast í tæka tíð. Ísköld ró gagntók hjarta Kolgríms.

-Mér tókst það, stundi Mattías lafmóður. -Enginn sá mig. En ég varð smeykur þegar þau sögðu að þú hefðir ríðið til Kristjáníu. Ég hélt að þá værirðu kannski ekki hérna. En þú ert það, bætti hann við með ljómandi brosi.

Svo kom svolítill áhyggjusvipur. -Mér leiddist að skrökva að mömmu.

-Spurði hún einhvers? næstum hrópaði Kolgrímur.

-Nei. En að þegja er eins og að skrökva, það finnst mér.

Bróðir hans hafði aldrei fundið til slíks í samviskunni svo hann skildi þetta ekki. Hann kærði sig líka kollóttan um Yrju, stjúpu sína, þótt hún hefði alltaf reynt að veita honum jafn mikla ást og syni sínum, Mattíasi.

-Við verðum svo fljótir að þau taka ekki eftir neinu. Sestu á bak fyrir aftan mig.

Þeir komu Mattíasi fyrir á hestinum og Kolgrímur sneri honum.

Eins og allir yngri bræður tilbað Mattías Kolgrím. Hann var hetjan sem allt vissi og kunni. Kolgrímur tók aðdáuninni með eilitlu stolti en jafnframt jókst fyrirleitning hans.

Þegar þeir riðu gegnum skóginn, sagði Mattías ákafur:

-Þetta er svo spennandi. Ég svaf ekkert í nótt.

-Fyrirtak, hugsaði Kolgrímur og glotti.

-Ég tók með smurt brauð handa okkur, bætti sá yngri við.

-Hvað þá? æpti Kolgrímur, en stillti sig og bætti rólegur við: -Sá það nokkur?

-Nei, ég læddist fram í eldhús þegar enginn var þar.

-Fínt! Kannski verðum við svangir.

Svo riðu þeir áfram í grænum skuggum skógarins.

-Heyrirðu hvernig hvín í trjákrónunum? hvíslaði Mattías.

-Þetta er svo dapurlegt hljóð. Eins og tónlistin við útför í kirkjunni.

-Af hverju er hún svo dapurleg? spurði Kolgrímur sem var illa að sér í kirkjusiðum.

-Hún er sálumessa.

Það er viðeigandi, hugsaði Kolgrímur.

-Leiðin er að verða löng, sagði Mattías stuttu síðar.

-Við erum alveg að koma, lofaði Kolgrímur.

Eftir nokkra stund enn, kvartaði Mattías. -Mér er illt í bakinu.

-Það er stutt eftir, svaraði stóri bróðir. Hjarta hans var farið að berjast ákaft af æsingi.

Þeir voru á skógarstíg sem sást varla svo ekki var hann fjölfarinn þetta sumarið. Hafi Mattías séð hófför tengdi hann þau ekki reiðferð Kolgríms nokkrum dögum áður. Öðru hverju fóru þeir gegnum lítil rjóður þar sem hindber uxu í stórum breiðum og einnig sáu þeir húskofa sem virtust hafa verið yfirgefnir fyrir óralöngu.

Svo varð útsýnið betra. Á hæðardrögunum óx fyrst eik en svo tóku ösp og birkirunnar við.

Þeir nálguðust ströndina.

Kolgrímur beindi hestinum inn á lítinn stíg sem lá út á bryggju. Þar stökk hann af baki og hjálpaði litla bróður niður.

-Ó, sagði Mattías hrifinn. -Þetta er sjórinn.

Langt úti, milli smáeyja og skerja mátti greina opinn, glampandi fjörðinn í sólmistrinu.

-Auðvitað er þetta sjórinn. Það er bara þar sem fiskarnir dansa. Þeir eru stórir og nefnast höfrungar. Komdu, ég er með bát.

-Ertu með bát? spurði Mattías stóreygur meðan Kolgrímur batt hestinn við tré.

-Já, hann er þarna.

Kolgrímur hafði undirbúið allt nákvæmlega. Hann vissi að litla flatbytnan var sjaldan notuð.

Þeir stukku niður í bátinn. Kolgrímur braut lásinn með steini og þeir reru út. Eigandi bátsins gæti ekki séð til þeirra gegnum þetta birkirunnana.

Skvampið í árunum var notalegt. Mattías hallaði sér út yfir borðstokkinn og horfði á litlu öldurnar eftir árablöðin.

Kolgrímur reri hægt, hann vildi hafa ferðina til baka sem allra stysta. Hann reri hins vega taktfast og takturinn varð svæfandi Augnalok Mattíasar á afturþóftunni urðu æ þyngri.

-Hvíldu þig bara, sagði stóri bróðir hægt og í dáleiðandi tón. -
Við eigum spotta eftir enn. Ég vek þig.

Mattías kinkaði kolli og hagræddi sér.

Þegar þeir komu að tanni við fjarðarmynnið, lagði Kolgrímur árarnar í bátinn og lét hann renna hægt að landi. Hann sá að litli bróðir hans svaf fast, lyfti árunum, lét þær renna útbyrðis og horfði andartak á þær fljóta burt. Síðan læddist hann í land... og ýti bátnum fast en mjúklega frá landi.

Hann hafði líka gert ráð fyrir sjávarföllum og sá sér til ánægju að báturinn barst með útsoginu til hafs.

Engin hreyfing var sjáanleg í bátnum.

Kolgrímur hljóp eins og hann gat meðfram ströndinni, að bryggjunni þar sem hesturinn beið.

Enginn veit hvað bjó að baki hugsuninni sem var ein í huga hans: Ég drap hann ekki. Ég gerði það ekki.

Það hlýtur að hafa verið eitthvað frá yngri árum, kannski úr ævintýri Cesilju um stóra trölilið, Satan sjálfan, og hvað honum líkaði ekki að litlir drengir gerðu.

Engin önnur skýring virtist til á því að Kolgrímur ákvað að losa sig við litla bróður á *mannúðlegan* hátt.

HANN KOM HEIM síðdegis og þá var fjölskyldan í uppnámi.

-Kolgrímur, hefurðu séð Mattías? spurði Líf.

Hann stökk af baki og hélt á litlum pakka.

-Mattías? Nei. Ég var í Kristjáníu í allan dag.

-En í morgun?

-Þá var hann sofandi.

Kolgrímur hafði aldrei verið sakleysislegrí á svipinn.

-Nei, hann var við morgunverðarborðið, minnti Taraldur hin á. -Svo hvarf hann bara. Þá var Kolgrímur löngu farinn.

Andlit Yrju var sem dautt, steinrunnið. -Mattías tók með sér nesti, örugglega handa tveimur.

-Hvernig geturðu vitað það? spurði Taraldur.

-Af því ég veit hvernig hann notar smjörhnífinn. Hann strýkur alltaf af honum á skálarbrúninni. Hann tók brauð og álegg handa minnst tveimur.

-Hvar er afi? spurði Kolgrímur.

-Úti að leita. Við höfum öll verið úti í allan dag, sagði Líf og kvíðinn skein úr augum hennar.

Gretta kom á Yrju. Hún greip í föt Kolgríms.

-Þú veist um hann! hrópaði hún. -Ég sé það á þér. Þú veist um hann, bannsettur...

Taraldur gekk á milli þeirra. -Yrja þó! Þú sem alltaf ert svo góð við Kolgrím.

En örvæntingin sem hafði gerjast í henni allan daginn braust nú út. -Ég þekki hann þegar hann setur upp sakleysissvipinn. Hann hefur gert Mattíasi eitthvað, ég veit það bara!

Augu Kolgríms fylltust tárur. -En ég var bara í Kristjáníu... að kaupa gjöf handa ömmu. Sjáið bara.

Hann opnaði pakkann sem silfurnælunni.

-Ó, Kolgrímur, sagði Líf snortin. -En fallet af þér. Fyrirgefðu Yrju. Móðir hugsar ekki rökrétt þegar eitthvað hendir barnið hennar.

Yrja grét og hikstaði ákaft. -Það eina góða sem ég hef gert um dagana er að eignast Mattías litla. Hann má bara ekki vera dáinn, hann má það ekki.

-Hann er það ekki, sagði Taraldur róandi. -Hann kemur fyrir myrkur.

En Mattías kom ekki... og sorgin lagðist yfir Grásteinshólma.

Dag og nótt heyrðist Yrja hrópa: *Mattías!* Ótal sinnum hafði hún farið út og þrammað um skóginn þveran og endilangan. Hún vaknaði hrópandi um miðjar nætur: Hann þarfnast mín! Hann er einn og þarfnast mín! Svo hljóp hún enn út, reikaði um í skóginum og spurði alla sem hún hitti, leitaði og leitaði...